



Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016



RÍKISENDURSKOÐUN

Október 2017

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Niðurstöður og ábendingar	4
3	Fjárheimildir og rekstur	5
3.1	Fjárheimildir	5
3.2	Rekstraráætlun.....	5
4	Innra eftirlit.....	6
4.1	Inngangur	6
4.2	Umfjöllun	6
4.3	Niðurstöður/ábendingar	6
5	Fylgni við lög og reglur.....	7
5.1	Inngangur	7
5.1.1	Ferðakostnaður.....	7
5.1.2	Opinber innkaup	7
5.1.3	Innkaupakort.....	7
5.1.4	Styrkir.....	7
5.1.5	Virðisaukaskattur og endurgreiðslur	7
5.1.6	Kaup og sala eigna ríkisins	7
5.2	Niðurstöður	7
6	Endurskoðun rekstrarliða	8
6.1	Tekjuskráning	8
6.2	Laun- og launatengd gjöld.....	8
6.3	Rekstrargjöld, önnur en laun og eignakaup	8
6.4	Niðurstöður	9
7	Endurskoðun efnahagsliða	10
7.1	Eignir	10
7.1.1	Viðskiptakröfur	10
7.1.2	Ríkissjóður.....	10
7.1.3	Handbært fé og vörslufé.....	10
7.2	Eigið fé og skuldir	11
7.2.1	Höfuðstóll	11
7.2.2	Viðskiptaskuldir og vörslufé.....	11
7.3	Niðurstöður	11
8	Önnur atriði	12
8.1	Staðfestingarbréf stjórnenda	12
8.2	Lögfræðibréf	12
8.3	Óhæðisyfirlýsing.....	12
8.4	Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	12

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Sýslumannsins á Suðurnesjum fyrir árið 2016

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi embættisins og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur embættisins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi og að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum..

Í samræmi við 5. grein laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðeigandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á.

Litið er á endurskoðun ársreiknings embættis Sýslumannsins á Suðurnesjum fyrir árið 2016 sem nýtt verkefni þar sem embættið er nýtt eftir sameiningar sýslumannsembætta þann 1.1.2015 og hefur ekki verið endurskoðaður áður af Ríkisendurskoðun.

2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Sýslumansins á Suðurnesjum fyrir árið 2016 var í meginatriðum án athugasemda og ekki verður annað séð en að stofnunin fylgi þeim lögum og reglugerðum, sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald. Ríkisendurskoðun vill koma eftirfarandi ábendingu á framfæri:

1. Áætlanir

Stjórnendur bera ábyrgð á að starfsemin skili tilætluðum árangri og að rekstur og afkoma sé í samræmi við fjárveitingar og áætlanir sem samþykktar hafa verið.

3 Fjárheimildir og rekstur

3.1 Fjárheimildir

Framlag ríkissjóðs á fjárlögum ársins 2016 nam 191,2 m.kr. samanborið við 171,6 m.kr. á fyrra ári sem er hækkun um 19,6 m.kr. eða 11,4%.

Rekstrargjöld að frádregnum tekjum námu samtals 197,2 m.kr. þar af nam framlag frá ríkinu 191,2 m.kr. og varð því 6,0 m.kr. tekjuhalli á árinu 2016 samanborið við 9,2 m.kr. tekjuhalla árið áður. Rekstrargjöld umfram sértekjur hækkuðu milli ára um 16,1 m.kr. eða 9,1%.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016:

Í þús. kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Tekjur	-100	-100	-2.588	2.488	-324
Launagjöld	151.500	165.500	165.616	-116	145.141
Önnur rekstrargjöld	23.300	23.300	33.135	-9.835	35.923
Eignakaup	2.500	2.500	1.006	1.494	54
Tilfærslur	0	0	39	-39	33
Samtals	177.200	191.200	197.208	-6.008	180.828

3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega sé fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins.

Rekstur embættis Sýslumannsins á Suðurnesjum fór á árinu 2016 fram úr þeim fjárheimildum sem embættinu voru ætlaðar um 6,0 m.kr. og á árinu 2015 um 9,2 m.kr. Við stofnun embættisins þann 1. Janúar 2015 byrjaði embættið með neikvæðan höfuðstól.

Á árinu 2016 töldu stjórnendur sig ekki getað rekið embættið innan þeirra fjárheimilda sem embættið fékk samkvæmt fjárlögum. Rekstraráætlun embættisins fyrir árið 2016 var því gerð í samræmi við mat stjórnenda. Ráðuneytið samþykkti ekki þá áætlun, því var gerð önnur áætlun sem sýndi að embættið yrði rekið innan heimildar. Sú áætlun var heldur ekki samþykkt. Rekstraráætlun fyrir árið 2016 var því ekki skráð í fjárhagskerfi ríkisins (Orra) þar sem hún var ekki samþykkt af innanríkisráðuneyti. Stjórnendur embættisins fara þó reglulega yfir ósamþykktu rekstraráætlun og eru frávik, ef einhver eru, greind.

4 Innra eftirlit

4.1 Inngangur

Forstöðumaður ríkisaðila í A-hluta, eða eftir atvikum stjórn, ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

4.2 Umfjöllun

Áhættumatið tekur mið af því hvernig innra eftirliti er háttáð hjá embættinu og hvaða verklagsreglum er beitt þar til að stuðla að öryggi í meðferð og umsjón fjármuna og annarra eigna auk bókhalds- og upplýsingakerfa. Könnun á ábyrgðarsviði starfsmanna í stofnuninni og aðgangsheimildum þeirra að tölvukerfum hennar, gefur til kynna að aðgreining starfa virðist vera með fullnægjandi hætti hjá embættinu.

4.3 Niðurstöður/ábendingar

Innra eftirlit er í föstum skorðum hjá embættinu og virðast tryggja viðunandi árangur.

5 Fylgni við lög og reglur

5.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á. Fjallað er sérstakleg um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 3.

Undir þessum lið er skoðað hvort rekstur embættisins hafi verið í samræmi við lög og reglugerðir sem um hann gilda varðandi fjárreiður og bókhald. Eftirtaldir liðir voru teknir til skoðunar vegna ársins 2016.

5.1.1 Ferðakostnaður

Ferðir voru eingöngu innanlands á árinu. Gert var upp eftir ferðareikningi.

5.1.2 Opinber innkaup

Innkaup voru undir viðmiðunarfjárhæðum. Embættið þarf samt að gæta að hagkvæmni og gera verðsamanburð á milli flestra fyrirtækja.

5.1.3 Innkaupakort

Embættið er með tvö innkaupakort og eru úttektarheimildir hvers og eins skráðar. Farið er eftir verklagsreglum Fjársýslu ríkisins við nokun innkaupakorta.

5.1.4 Styrkir

Embættið veitti ekki styrki á árinu 2016.

5.1.5 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun færslna reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneignir vegna endurgreiðslu VSK færast reglulega til eignar á viðeigandi tegundalykil og sótt er um endurgreiðslu vegna þessa hjá RSK.

5.1.6 Kaup og sala eigna ríkisins

Samkvæmt bókhaldi embættisins voru engar eignir seldar hjá stofnuninni árið 2016.

5.2 Niðurstöður

Ekki verður séð annað en að Sýslumaðurinn á Suðurnesjum fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.

6 Endurskoðun rekstrarliða

6.1 Tekjuskráning

Tekjur embættisins á árinu 2016 eru einkum endurgreiðsla frá innanríkisráðuneyti vegna kostnaðar við kosningar á árinu. Vegna þeirra gaf embættið út formlega reikninga á ráðuneytið.

Aðrar tekjur eru vegna ljósrita fyrir viðskipavini sem eru staðgreidd við afhendingu.

6.2 Laun- og launatengd gjöld

Á árinu 2016 námu laun og launatengd gjöld um 164,7 m.kr. eða 82,4% af rekstrarkostnaði embættisins. Þessi liður hækkaði frá fyrra ári um 20,5 m.kr. eða 14,2%. Ársverk voru 19,9 á árinu 2016.

Við launaendurskoðun var athugað hvort samningar, starfslýsingar, undirskriftir, skráning í launaflokka, gögn vegna launabreytinga og dagsetningar á gögnum samræmdust viðeigandi lögum, reglum og verklagsreglum. Í öllum tilfellum voru frumgögn metin og skoðað hvort öll formskilyrði væru uppfyllt. Endurskoðun beindist að skjalfestingu á ráðningarsamningum og launabreytingum. Úrtakið var fimm starfsmenn eða 25,2% starfsmanna.

Sýslumaður gerir ráðningarsamninga og heldur skipulega utan um upplýsingar er varða einstaka starfsmenn ásamt skrifstofustjóra. Við ráðningu starfsmanna skráir hann launaflokk og þrep í launakerfið og eru þær upplýsingar í kerfinu eftir það. Viðverukerfið Inni-Úti er notað hjá embættinu en gert er ráð fyrir að Vinnustund verði tekin upp á árinu 2017. Í hverjum mánuði færir skrifstofustjóri inn akstursgreiðslur og yfirvinnu ef eru fyrir hendi. Launaframkvæmdin er í höndum skrifstofustjóra. Sýslumaður fer einnig yfir launaforsendur hvers mánaðar. Lagt var til að yfirferðin yrði staðfest. Launavinnsla fer síðan fram hjá Fjársýslu ríkisins.

6.3 Rekstrargjöld, önnur en laun og eignakaup

Við endurskoðun rekstrarkostnaðar var farið yfir verkferla sem eiga að tryggja að eingöngu reikningar sem tilheyra embættinu séu færðir til gjalda.

Embætti Sýslumannsins á Suðurnesjum notar ekki lánardrottnakerfið (AP) í ORRA og eru því allar færslur færðar í GL. Skrifstofustjóri, ásamt sýslumanni, hefur heimild til að kaupa inn vörur. Auk þess hefur annar starfsmaður heimild til að kaupa inn vörur fyrir eldhús. Skrifstofustjóri og sýslumaður árita alla reikninga.

Við endurskoðunina voru rekstrargjöld borin saman við rekstraráætlun og helstu frávik greind. Samhliða greiningu rekstrarkostnaðar voru fylgiskjöl skoðuð með tilliti til formkrafna, efnis- og magnlýsinga, útreikninga og lotunar. Þá var kannað hvort reikningar væru efnislega réttir, tilheyrðu stofnuninni og væru viðeigandi. Bókun helstu kostnaðarreikninga var einnig könnuð með tilliti til tegundar kostnaðar.

Endurskoðun rekstrarkostnaðar gaf ekki tilefni til athugasemda. Hins vegar er bent á að notkun rafræns samþykktarkerfis eykur virkni innra eftirlits.

6.4 Niðurstöður

Launaendurskoðun staðfestir að kjara- og stofnanasamningum sé fylgt við útreikning og greiðslu launa. Gott innra eftirlit er með bókunum og greiðslumerkingum á útgjaldaliðum en bent er á að notkun rafræns samþykktarkerfis eykur virkni innra eftirlits.

7 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2016 námu eignir 89,7 m.kr., skuldir námu 103,3 m.kr., og höfuðstóll var neikvæður um 13,6 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Ríkissjóður	35.757.246	15.612.167	20.145.079
Viðskiptakröfur	1.886.288	2.140.985	-254.697
Vörslufé	44.358.942	10.209.791	34.149.151
Handbært fé	7.704.322	3.198.447	4.505.875
Eignir alls	89.706.798	31.161.390	58.545.408
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	-13.613.184	-15.104.820	1.491.636
Viðskiptaskuldir	58.961.040	36.056.419	22.904.621
Vörslufé	44.358.942	10.209.791	34.149.151
Eigið fé og skuldir alls	89.706.798	31.161.390	58.545.408

Efnahagsliðir voru yfirfarnir með tilliti til stöðu einstakra liða. Yfirlit og afstemmingar voru yfirfarnar og leitað skýringa þar sem þess þótti þörf. Viðhlítandi skýringar og svör fengust við þeim atriðum sem leitað var eftir.

7.1 Eignir

7.1.1 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur embættisins námu 1,9 m.kr. í árslok. Meðal þeirra var 1,2 m.kr. krafa frá árinu 2015 sem greidd var í upphafi árs 2017. Auk hennar var 0,7 m.kr. óinnheimtur VSK sem var innheimtur í febrúar 2017.

7.1.2 Ríkissjóður

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2016 var 35,7 m.kr. krafa á ríkissjóð færð í efnahagsreikning embættisins.

7.1.3 Handbært fé og vörslufé

Handbært fé embættisins nam um 4,0 m.kr. í árslok og vörslufé 44,3 m.kr. Hjá embættinu eru fjórir bankareikningar fyrir embættið og 17 bankareikningar vegna vörslufjár. Endurskoðun á handbæru fé fólst í því að staðfesta bankareikninga með því að bera saman bókhald við gögn frá viðskiptabanka.

Viðskiptareikningar vegna vörslufjár voru yfirfarnir og staðfest að innstæður væru í samræmi við bankayfirlit og að samræmi væri milli viðskiptareikninga vegna vörslufjár og mótreiknings vörslufjár meðal skammtímaskulda. Yfirferðin er án athugasemda.

7.2 Eigið fé og skuldir

7.2.1 Höfuðstóll

Í lok ársins 2016 sýndi höfuðstóll embættisins umframkeyrslu gagnvart fjárlögum og fjárheimildum samtals 13,6 m.kr. og hafði staðan batnað um 1,5 m.kr. frá ársbyrjun 2016 eða sem nemur breytingu vegna lokafjárlaga en þá varð 7,5 m.kr. greiðsla og sem nemur tekjuhalla ársins. Í ársbyrjun var höfuðstóll embættisins neikvæður um 15,1 m.kr.

7.2.2 Viðskiptaskuldir og vörslufé

Skammtímaskuldir embættisins námu 103,3 m.kr. í árslok 2016. Þær skiptast í viðskiptaskuldir og vörslufé.

Viðskiptaskuldir stofnunarinnar námu 59,0 m.kr. í árslok. Um 50,6 m.kr. var skuld til fjármála- og efnahagsráðuneytis vegna innheimtu opinberra gjalda fyrir ríkissjóð og 8,4 m.kr. voru ógreidd gjöld sem öll voru greidd í ársbyrjun 2017.

Auk þess var um 44,4 m.kr. vörslufé sem á sér mótbókun meðal skammtímakrafna. Staða þeirra var staðfest.

7.3 Niðurstöður

Gott eftirlit er með skammtímakröfum og skammtímaskuldum.

8 Önnur atriði

8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingabréf stjórnenda, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af sýslumanni embættisins.

8.2 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi, þar sem ekki kom fram lögfræðikostnaður í bókhaldi embættisins árið 2016 og samkvæmt upplýsingum sýslumanns, meðal annars í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi embættið.

8.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggur undirrituð óhæðisyfirlýsing þess starfmanns sem sem vann við endurskoðunina

8.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Sýslumanninum á Suðurnesjum var undirrituð af ríkisendurskoðanda og sýslumanni embættisins.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningsskil Sýslumannsins á Suðurnesjum.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100
postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is